



Listahátíð í Sjónvarpinu á sunnudagskvöld

Í **Sjónvarpinu á sunnudagskvöld** er kynningarþáttur um Listahátíð í Reykjavík. Þar kynnumst við nánar **erlendum listamönnum** sem koma á hátíðina í vor, **kíkjum á æfingar** vítt og breitt um borgina og **fáum forsmekk** af fjölbreytilegum atriðum.

Ekki missa af kynningarþætti Listahátíðar á dagskrá Sjónvarpsins **sunnudagskvöldið 2. maí klukkan 19.35.**

Skoða dagskrá og kaupa miða: www.listahatid.is og www.midi.is



Fimm daga opunarhelgi

Það má segja að opunarhelgi Listahátíðar standi í fimm daga, því hátíðin hefst kvöldið fyrir uppstigningardag á stórtónleikum gleðisveitar [Amadou & Mariam](#) í Höllinni. Daginn eftir eru tónleikar [Leif Ove Andsnes og Tetzlaff systkinanna](#) í Háskólabíói og á föstudagskvöldinu er hægt að njóta [tvöfaldrar jazztónleika](#) í Óperunni, eða skella sér á litháísku leiksýninguna [Rómeó og Júliu](#) í Borgarleikhúsinu. Um helgina munu fjölmargar [ljósmyndasýningar](#) opna í borginni og á Akureyri, Seyðisfirði og í Reykjanesbæ og kammerkórinn [Carmina](#) verður í Kristskirkju. Sunnudagurinn hefst á [morqúntónleikum í Frikirkjunni](#) og lýkur á tónleikum félaganna í [Bedroom Community](#) í Þjóðleikhúsinu.



Dagskráin komin í hús

Dagskrá Listahátíðar var borin inn á heimili á suðvesturhorni landsins í gær. Þar ættu allir að geta fundið eitthvað sem kveikir í þeim, nælt sér í miða og farið að hlakka til. Við upphaf hátíðar kemur einnig út sérstök sýningarskrá allra ljósmyndasýninganna á Listahátíð.



Tryggðu þér miða

Miðasala á Listahátíð er í fullum gangi, sem og skráning á námskeið Endurmenntunar Háskóla Íslands um flamenco og ljósmyndir. Flugfélag Íslands býður Listahátíðarpakka fyrir landsbyggðarfólk svo hægt er að panta sér borgarferð á Listahátíð. Miðaverð á viðburði er afar hagstætt og kosta miðar frá eitt þúsund krónum.

Skoðaðu dagskrána og tryggðu þér miða á www.listahatid.is.

